

Inngangur

Í samræmi við 13.gr. í tilskipun EB, 98/83 um neysluvatn þá skulu aðildarríki skila upplýsingum um gæði neysluvatns og eftirliti með því til Framkvæmdastjórnar EB. Ísland þarf að senda þessar upplýsingar til ESA. Skýrslurnar eiga að ná yfir þriggja ára tímabil, fyrsta skýrslan náði frá 2002-2004, önnur frá 2005-2007 o.s.frv.

Til að auðvelda útfyllingu á því formi sem ætlast er til að fyllt sé út þá hefur Matvælastofnun unnið þessar leiðbeiningar. Þær ásamt leiðbeiningum EB, „[Guidance document on reporting under the Drinking Water Directive 98/83/EC](#)“ eiga að tryggja að útfylling á forminu sé samræmd og eins ítarleg og mögulegt er. Hér að neðan verður í farið í hverja töflu fyrir sig úr Excel skjalinu, þ.e. þær töflur sem Ísland þarf að standa skil á.

Tafla 1. Almennar upplýsingar

Í þessari töflu þarf að fara yfir þær upplýsingar sem þar koma fram og gera athugasemdir. Uppfæra þarf upplýsingar um vatnsveiturnar, upplýsingar um fólksfjölda (dálkur 1.4.3) og magn vatns í m³ á dag (dálkur 1.4.4). Bæta þarf við nýjum vatnsveitum ef þær uppfylla skilyrði um magn eða fólksfjölda (meira en 1000 m³ á dag eða fleiri en 5000 íbúar), einnig þarf að taka burt þær veitur sem ekki uppfylla lengur þessi skilyrði. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru beðin um að merkja sér þau vatnsból og vatnsveitur sem þau hafa eftirlit með.

Tafla 3. Greiningaraðferðir á þeim örverufræðilegum þáttum sem eftirlit er haft með

Hér koma fram þær faggiltu aðferðir sem á að nota/eru notaðar við rannsóknir á örverufræðilegum þáttum vatnsins. Kannið hvort sú rannsóknastofa sem þessi þjónusta er keypt af noti þessar aðferðir eða aðrar sambærilegar faggiltar aðferðir til mælinga á vatni.

Tafla 4. Árleg eftirlitstíðni ekki í samræmi við áætlaða (reglugerða bundna) tíðni

Hér ber að skrá þau tilvik þegar árlegt eftirlit er ekki í samræmi við þá eftirlitstíðni sem kemur fram í töflu 6, viðauka 1 í neysluvatnsreglugerðinni (536/2001) Í þessar töflur eru niðurstöður hvers árs fyrir sig skráðar.

Dæmi: Heilbrigðiseftirlitssvæði X tekur 20 sýni 2009 í reglubundnu eftirliti úr vatnsveitu A. Það vantar mælingar af ammoníum í tveim sýnum, þá útfyllist tafla 4 á eftirfarandi hátt:

Table 4			
Annual monitoring in water supply zones not compliant with the monitoring frequency ^(1,2)			
Year		2009	
Name of WSZ	Parameters concerned	Number of analyses required ^(1,2)	Number of analyses done
Vatnsveita A	Ammonium	20	18

Tafla 5A. Samantekt yfir vatnsgæði þar sem vatnsveita veitir meira en 1000 m³ á dag eða hefur fleiri en 5000 íbúa

Hér á að skrá tölfræðilegar upplýsingar um fjölda sýna fyrir mismunandi rannsóknir, fjöldi sýna sem ekki uppfylla kröfur og fleiri upplýsingar. Hér gildir það sama og fyrir töflu 4, hvert ár á að skrá sérstaklega. Ekki þarf að reikna út hlutfall mælinga sem eru innan marka, það er gert í loka samantekt. Allir mælipættirnir samsvara heildarúttekt á neysluvatni, til hægðarauka þá hafa þeir mælipættir sem tilheyra einnig reglubundnu eftirliti verið skyggðir ljósgráir í töflunni, en þeir eru:

- *E. coli*
- Heildargerlafjöldi við 22°C
- Kóligerlar
- Ammoníum
- Litur
- Sýrustig (pH)
- Leiðni
- Lykt
- Bragð
- Grugg
- *Clostridium perfringens* (á einungis við ef um yfirborðsvatn er að ræða eða ef hætta er á mengun grunnvatns vegna yfirborðsvatns)
- Ál (á einungis við ef ál er notað við að mynda kekki)
- Járn (á einungis við þegar járn er notað við meðhöndlun á vatni)
- Nitrit (á einungis við ef klóramín er notað til sóttþreinsunar)

Þegar til eru niðurstöður frá reglubundnu eftirliti og heildarúttekt fyrir þessa þætti þá skal samanlögð niðurstaða þeirra færð í töfluna.

Dæmi: HES svæði hefur tvær veitur sem þarf að veita upplýsingar um, 20 mælingar voru gerðar á kóligerlum í reglubundnu eftirliti hjá vatnsveitu A, ein mæling var utan marka. 3 mælingar voru gerðar við heildarúttekt hjá vatnsveitu A, ein mæling utan marka. Hjá vatnsveitur B voru 10 sýni tekin og öll voru þau í lagi, 1 vegna heildarúttektar og var það líka í lagi, þá skal fylla í töfluna á eftirfarandi hátt:

Table 5A					
National summary information on drinking water quality in water supply zones exceeding 1000 m ³ per day as an average or serving more than 5000 persons					
Member state					
Year	2009				
Parameter ⁽¹⁾	Numbers of WSZ monitored	Numbers of WSZ with non-compliance	Numbers of analyses	Numbers of analyses not complying	% of analyses complying
Coliform bacteria	2	1	34	2	

Tafla 6. Upplýsingar um sýni sem ekki uppfylltu kröfur

Hér eiga að koma fram upplýsingar um þau sýni sem ekki uppfylltu kröfur. Hér þarf m.a. að koma fram hvaða þáttur það var sem ekki uppfyllti kröfur og hvernig viðbrögðin við því voru.

Dæmi: Vatnsveita A hér á undan hafði 23 mælingar af kóligerlum, þar af voru tvær mælingar utan marka. Það skal skrá í töflu 6 á eftirfarandi hátt:

Table 6										
Information on non-compliance of drinking water in water supply zones										
Member state										
Year		2009								
Water supply zone	Parameter	Member state derogation reference if applicable	Total number of analyses	Number of non-compliance ^{1,2}	Min	Med	Max	Cause ³ (code)	Re-medial action ³ (code)	Time-table ³ (S,M,L)
Vatnsveita A	Coliform bacteria		23	2	0	0	7	C3	C1	S

Dálgildir „Min“, „Med“ og „Max“ eiga við þau gildi sem koma úr greiningunum. Það er lággildi (Min, yfirleitt myndi það vera 0), miðgildi (Med, í flestum tilfellum einnig 0) og hággildi (Max, eitthvað gildi sem er þá yfir mörkum).

Það þarf að tilgreina ástæðu fyrir frávikinu (ef hægt er). Til þess þá eru kóðar í leiðbeiningunum frá EB, Annex A tilgreindir þá kóða sem nota á til að tilgreina ástæðu fráviks. Í mörgum tilfellum þá er hægt að rekja ástæðun til vatns öflunar svæðisins, t.d. vegna leysinga eða mikilla rigninga. Í þeim tilfellum þá myndi kóði C3 eiga við. Annex B tilgreindir þá kóða sem nota á til að lýsa þeim aðgerðum sem gripið er til. Ef við höldum áfram með dæmið um leysingar eða rigningar þá væru hugsanlegar úrbætur að nota aðrar borholur á veitusvæðinu sem ekki verða fyrir áhrifum af leysingum eða miklum rigningum, það myndi flokkast sem C1. Annex C gefur síðan kóða fyrir þann tímaramma sem úrbætur eru gerðar, „S“ (stutt, ekki lengra en 30 daga), „M“ (meðal, lengra en 30 dagar en minna en 1 ár), „L“ (langtíma, t.d. meira en 1 ár). Í flestum tilfellum myndi stuttur tímarammi vera notaður, þ.e. „S“.

Tafla 7. Form á þeim upplýsingum sem eru aðgengilegar fyrir almenning

Hér þarf að fylla út á hvaða formi upplýsingar eru til. Það getur verið á marga mismunandi vegu, sumir hafa vefsíður með þessum upplýsingum, hjá öðrum eru þær í skýrslum, s.s. árskýrslum eða að gögn eru aðgengileg hjá HES svæðunum.

Tafla 8. Tegund af upplýsingum sem eru aðgengilegar fyrir almenning

Hér skal fylla út hvaða upplýsingar eru aðgengilegar fyrir almenning.

Guðjón Gunnarsson, mars 2011.